

# BREYTING Á LEGU ÍSAFJARÐARLÍNU 1 OG LAGNING JARÐSTRENGS, ÍSAFJARÐARBÆ

## Ákvörðun um matsskyldu

### NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð endurnýjun á hluta Ísafjarðarlínu 1, milli tengivirkja í Breiðdal og botni Skutulsfjarðar, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Ísafjarðarbæjar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012 og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða fyrir framkvæmdum á vatnsverndarsvæði í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999. Einnig þarf leyfi Orkustofnunar skv. 2. mgr. 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Leita þarf umsagnar Umhverfisstofnunar um fyrirhugaða framkvæmd á svæði á náttúruminjasrá skv. 38. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 og gilt deiliskipulag sem geri ráð fyrir jarðstrengjum vestan Skutulsfjarðarbrautar. Aðalskipulagsbreytingin og breyting á deiliskipulagi er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlna. Loks bendir Skipulagsstofnun á að tryggja þarf að sandur sem nýta þarf við framkvæmdina verði tekinn úr námu sem hafi framkvæmdaleyfi. Skipulagsstofnun veur athygli á því að efnistaka er háð framkvæmdaleyfi sveitarfélags samkvæmt skipulagslögum og starfsleyfi Umhverfisstofnunar eða viðkomandi heilbrigðiseftirlits.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landsnet hf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til **22. júlí 2013**.

## INNGANGUR

Þann 14. maí 2013 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Landsneti hf. um fyrirhugaða endurnýjun á hluta Ísafjarðarlínu 1, milli tengivirkja í Breiðdal og botni Skutulsfjarðar, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Ísafjarðarbæjar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Minjastofnun Íslands, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Ísafjarðarbæ með bréfi dags. 7. júní 2013, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með bréfi dags. 31. maí 2013, Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 4. júní 2013, Orkustofnun með bréfi dags. 31. maí 2013 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 4. júní 2013. Frekari upplýsingar bárust frá Landsneti með tveimur bréfum dags. 11. júní 2013.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Fram kemur að endurnýja eigi hluta Ísafjarðarlínu 1, milli tengivirkja í Breiðdal og botni Skutulsfjarðar. Fjarlægja eigi loftlínu á kafla í Breiðdal og leggja þess í stað 66 kV jarðstreng á 2 km kafla meðfram fyrrum þjóðvegi um dalinn. Frá norðurenda jarðstrengsins verði loftlína endurbyggð á 3,6 km kafla, þar af um 1,5 km í nýju línustæði, frá Botnsheiði, um Neðra Austmannafall og niður í Dagverðardal. Þaðan eigi síðan að leggja 66 kV jarðstreng meðfram vegi og að nýju tengivirki á Tunguskeiði í botni Skutulsfjarðar, alls 3,6 km leið. Núverandi loftlína sem liggja frá botni Skutulsfjarðar og upp á Neðra Austmannafall verði fjarlægð. Fram kemur að loftlína verði borin af 12-18 m háum trémöstrum með 100-140 m millibili, alls 26-36 staurar. Breidd skurðar fyrir jarðstreng verði 1-2 m og helgunarsvæði hans, sem verði raskað, um 7 m. Jarðstrengurinn verði lagður í sand og til þess þurfi alls um 2.500 m<sup>3</sup> af sandi, sem tekinn verði úr námum í rekstri.

**Áhrif á grunnvatn.** Fram kemur að núverandi raflína liggja um fjarsvæði, grannsvæði og brunnsvæði vatnsverndar og svo verði einnig samkvæmt fyrirhugaðri breyttri legu hennar. Samkvæmt aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar skuli brunnsvæði sveitarfélagsins algerlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim sem nauðsynlegar séu vegna vatnsveitunnar. Núverandi lína og vegur um Botnsheiði liggja um brunnsvæði en hafa verði í huga að uppspretta neysluvatns sé í jarðgöngum djúpt undir Botnsheiði. Því séu litlar líkur á fyrirhuguð endurnýjun loftlínu á 300 m kafla innan brunnsvæðis muni menga neysluvatn. Á grannsvæði sé notkun á hættulegum efnum og birgðageymsla slíkra efna bönnuð. Loftlína muni liggja um grannsvæði á 3 km kafla og fjarsvæði vatnsverndar á um 0,5 km kafla. Fram kemur að fyrirhuguð framkvæmd felist í því að taka niður staura og skipta út fyrir nýja ásamt nýjum háspennulínum. Ekki þurfi að raska landi vegna lagningar línuvegarins. Mögulegt sé að draga úr hættu á mengun á vatnsverndarsvæði frá vinnuvélum með því að farið verði fram á að vélar og farartæki séu vandlega skoðuð áður en þau fari inn á vatnsverndarsvæðið. Olía eða önnur mengandi efni verði ekki meðhöndluð eða geymd á brunnsvæði eða grannsvæði vatnsverndar. Tilhögun mengunarvarna verði í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða.

**Áhrif á náttúruvernd og gróður.** Fram kemur að á 3 km kafla muni Ísafjarðarlína 1 liggja um svæði nr. 315 á náttúruminjaskrá: Botn í Súgandafirði, Seljalandsdalur og Tungudalur, en verndargildi þess felist í fjölbreyttu landslagi, sérstæðu gróðurfari og þar séu elstu minjar um gróðurfari á Íslandi. Miðað við núverandi línustæði muni nýtt línustæði liggja að minna leyti um þetta svæði. Á þeim kafla sem línan muni fylgja núverandi línustæði um verndarsvæðið verði ekki rask umfram það sem þegar hafi orðið, en nýtt línustæði ofan af Neðra Austmannafalli muni einungis að hluta liggja um svæði á náttúruminjaskrá.

Fram kemur að rask á gróðri verði fyrst og fremst á nýrri leið línunnar ofan af Neðra Austmannafalli. Raskið muni afmarkast við uppsetningu mastra en þar sem gróðri verði raskað muni landi verða komið í fyrra horf með því að sá viðeigandi fræjum í gróðursár og/eða með áburðargjöf.

**Áhrif á útivist og ásýnd.** Fram kemur að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé vinsælt til snjósleðaferða á vetrum. Gamli vegurinn um Dagverðardal sé notaður sem göngu- og reiðleið og einnig liggja gönguleiðir um heiðina. Þar sem línan verði lögð í nýtt línustæði ofan af heiðinni um Neðra Austmannafall gæti hún haft neikvæð áhrif á útivist og/eða ásýnd á 1,5 km kafla. Í framtíðinni sé gert ráð fyrir að fjarlægja stóran hluta núverandi línu sem muni draga úr ásýnd mannvirkja á því svæði. Skotípróttafélag Ísfirðinga sé með skotæfingasvæði við gamla þjóðveginn yfir Breiðadalsheiði innst á Dagverðardal. Fyrirhuguð framkvæmd muni ekki verða nærri æfingasvæðinu. Tímabundin neikvæð áhrif á útivist geti orðið meðan verið sé að leggja jarðstrenginn í Dagverðardal. Þá muni nýtt línustæði leiða til þess að línan verði í hvarfi frá þéttbýli. Aðrir hlutar línulagnarinnar verði að mestu í núverandi línustæði og því verði ekki um neitt viðbótarrask að ræða sem gæti haft áhrif á ásýnd.

**Áhrif á fornleifar.** Fram kemur að fornleifar hafi verið skráðar í Skutulsfirði en ekki þar sem línan muni liggja um Dagverðardal og upp á heiði. Þekktar fornleifar séu á jörðinni Tungu í námunda við fyrirhugaða leið jarðstrengsins en hugsanlegum fornleifum í Dagverðardal muni ekki stafa hættu af framkvæmdunum þar sem jarðstrengurinn verði lagður í vegöxl um þegar raskað svæði. Haft verði samráð við Minjastofnun Íslands ef fornleifar komi í ljós meðan á framkvæmdum standi eða ef sýnt þyki að fornleifar muni verða fyrir raski.

**Samræmi við skipulagsáætlanir.** Fram kemur að núverandi lína um Tungudal sé á hættusvæði vegna ofanflóða en með því að leggja jarðstreng um Dagverðardal verði Ísafjarðarlína 1 utan hættusvæða. Samkvæmt stefnu aðalskipulags Ísafjarðarbæjar eigi að leggja raflínur í jörðu þar sem það sé kostur og að æskilegt sé að línur liggja meðfram vegum þar sem landi hefur þegar verið raskað. Fram kemur að lagnaleið fyrir jarðstreng og breytt lega loftlínu sé ekki skilgreind í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Haft hafi verið samráð við sveitarfélagið um fyrirhugaðar framkvæmdir og gerðar verði nauðsynlegar breytingar á aðalskipulagi vegna þeirra. Þá kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir stofnveitum í deiliskipulagi Tunguskeiðs og hugsanlega þurfi að breyta deiliskipulaginu þannig að gert sé ráð fyrir jarðstrengjum vestan Skutulsfjarðarbrautar.

Fram kemur að tilgangur framkvæmdarinnar sé að auka afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum samhliða endurnýjun á hluta Ísafjarðarlínu 1. Landsnet telur að fyrirhuguð framkvæmd muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Fram kemur það álit í umsögnum Ísafjarðarbæjar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

**Áhrif á fornleifar.** Minjastofnun Íslands bendir á að grjóthlaðin rúst (ÍS-147:015) liggja 10 m norðan vegar um Dagverðardal, sömu megin og jarðstrengurinn muni liggja. Grípa þurfi til ráðstafanna til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá, t.d. að merkja rústina á meðan á framkvæmd standi. Ef ekki verði hjá því komist að raska rústinni þurfi Landsnet að sækja um leyfi Minjastofnunar Íslands til að fjarlægja hana og hlíta þeim skilmálum um rannsóknir sem stofnunin setji. Þó fyrirhuguð framkvæmd verði að hluta til á svæðum sem þegar hafi verið raskað sé engu að síður mikilvægt að fornleifar verði skráðar á öðrum hlutum línustæðisins svo hægt sé að meta til fulls hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar. Minjastofnun Íslands telur að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í svari Landsnets kemur fram að leitað verði leiða til þess að grafa jarðstrenginn í gamlan veg sunnan við ætlaða leið og fjær umræddri rúst. Takist það ekki verði rústin merkt. Fram kemur að Landsnet hafi rætt við Minjastofnun Íslands og í samræmi við niðurstöðu samráðsins muni Landsnet fela fornleifafræðingi að skrá fornminjar á öðrum hluta fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og láta hann meta hættuna á því að fornleifum verði raskað og gera tillögur um mótvægisáðgerðir. Niðurstöður þessarar úttektar verði bornar undir Minjastofnun Íslands áður en til framkvæmda komi.

**Áhrif á grunnvatn.** Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða segir að ljóst sé hvernig Landsnet muni haga framkvæmdinni innan vatnsverndarsvæðis.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 13. grein reglugerðar nr. 533/2001 um breytingu á reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns segi m.a. að brunnsvæði skuli vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar séu vegna vatnsveitunnar. Jafnframt bendir Umhverfisstofnun á að skv. 7. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir geti ráðherra veitt undanþágu frá einstökum greinum reglugerða að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar eða Umhverfisstofnunar.

**Áhrif á náttúruvernd.** Umhverfisstofnun telur að um sé að ræða framkvæmd sem að mestum hluta verði á svæðum sem nýtt hafa verið áður til línulagna eða vegagerðar. Því telji stofnunin ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa neikvæð áhrif þar sem hún fari um svæði á náttúruminjasrá.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Endurnýja á hluta Ísafjarðarlínu 1, milli tengivirkja í Breiðdal og botni Skutulsfjarðar. Fjarlægja á loftlínu á 2 km kafla frá tengivirki í Breiðdal og leggja þess í stað 66 kV jarðstreng meðfram fyrrum þjóðvegi um dalinn. Frá norðurenda jarðstrengsins verður loftlínan endurbyggð á 3,6 km kafla, þar af um 1,5 km í nýju línustæði, frá Botnsheiði, um Neðra Austmannafall og niður í Dagverðardal. Þaðan verður lagður 66 kV jarðstrengur meðfram vegi og að nýju tengivirki á Tunguskeiði í botni Skutulsfjarðar, alls 3,6 km leið. Fjarlægja á núverandi loftlínu sem liggur frá botni Skutulsfjarðar og upp á Neðra Austmannafall.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Fyrir liggur að framkvæmdin verður að mestum hluta á svæðum sem nýtt hafa verið áður til línulagna eða vegagerðar, nema á 1,5 km kafla frá Botnsheiði, um Neðra Austmannafall og niður í Dagverðardal þar sem línan verður lögð í nýtt línustæði. Á þeirri leið er mögulegt að áhrif verði neikvæð á útivist á svæðinu og/eða ásýnd þess, sérstaklega meðan á framkvæmdum stendur. Skipulagsstofnun telur að þau áhrif verði óveruleg. Fyrir liggur að núverandi lína og gamall vegur um Botnsheiði liggur um brunnsvæði vatnsverndar en ekki er talin hætta á að vinna við endurbyggingu loftlínu þar muni menga neysluvatn, enda er uppspretta neysluvatns fyrir Ísafjarðarbæ og Hnífsdal í jarðgöngum djúpt undir Botnsheiði. Haft verður samráð við heilbrigðiseftirlit um mengunarvarnir á vatnsverndarsvæðinu. Einnig liggur fyrir að framkvæmd er ekki talin hafa neikvæð áhrif þar sem hún mun fara um svæði á náttúruminjasrá. Loks liggur fyrir að samráð verður haft við Vegagerðina þar sem línulögn verður innan helgunarsvæðis vegar.

Skipulagsstofnun telur mögulegt að neikvæð áhrif framkvæmdarinnar verði helst á fornleifar. Fyrir liggur að fornleifar hafa ekki verið skráðar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, nema þar

sem jarðstrengur mun liggja næst tengivirki á Tunguskeiði. Þar nærri er rúst sem forða á raski með því að breyta legu jarðstrengs að tengivirkinu og leggja hann fjær rústinni, eða merkja hana ef ekki verður unnt að breyta áformum um breytta legu hans. Við meðferð málsins hefur komið fram að Landsnet hafði samráð við Minjastofnun Íslands og niðurstaða þess hafi verið sú að áður en framkvæmdin hefjist muni Landsnet láta skrá fornleifar á svæðinu og meta hættuna á því að fornleifum verði raskað og gera tillögur um mótvægisáðgerðir. Einnig liggur fyrir að Landsnet mun bera niðurstöður úttektarinnar undir Minjastofnun Íslands áður en ráðist verður í framkvæmdina. Í ljósi þess telur Skipulagsstofnun líklegt að neikvæð áhrif á fornleifar verði ekki umtalsverð.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Landsnets hf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Landsnets hf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð endurnýjun á hluta Ísafjarðarlínu 1, milli tengivirkja í Breiðdal og botni Skutulsfjarðar, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Ísafjarðarbæjar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012 og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða fyrir framkvæmdum á vatnsverndarsvæði í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999. Einnig þarf leyfi Orkustofnunar skv. 2. mgr. 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Leita þarf umsagnar Umhverfisstofnunar um fyrirhugaða framkvæmd á svæði á náttúruminjaskrá skv. 38. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 og gilt deiliskipulag sem geri ráð fyrir jarðstrengjum vestan Skutulsfjarðarbrautar. Aðalskipulagsbreytingin og breyting á deiliskipulagi er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlna. Loks bendir Skipulagsstofnun á að tryggja þarf að sandur sem nýta þarf við framkvæmdina verði tekinn úr námu sem hafi framkvæmdaleyfi. Skipulagsstofnun vekur athygli á því að efnistaka er háð framkvæmdaleyfi sveitarfélags samkvæmt skipulagslögum og starfsleyfi Umhverfisstofnunar eða viðkomandi heilbrigðiseftirlits.

Fyrir liggur niðurstaða um umhverfisáhrif breytingar á legu Ísafjarðarlínu 1 og lagningu jarðstrengs. Skipulagsstofnun bendir Landsneti hf. á að fjalla þarf um þessi áhrif í umhverfismati aðalskipulagstillögunnar fyrir svæðið og umhverfismati deiliskipulagstillögunnar. Með kynningu á aðalskipulagi og deiliskipulagi mun almenningi gefast tækifæri til að kynna sér fyrirhugaðar framkvæmdir.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landsnet hf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 22. júlí 2013.

